

LOKASKÝRSLA nóvember, 2021.

Vísa í meðfylgjandi grein sem mun birtast í riti kennslusviðs varðandi framgang verkefnisins.

APPLinkup hefur nú verið sett upp fyrir íslenska notendur og verið er að setja inn gögn hvað varðar alla klíníska kennslustaði, klíníska kennara, nemendur, og flokkun yfir þá tegund kennslu sem fer fram á tímabilinu (tegund starfsstöðvar, sérsvið sjúkráþjálfunar, aldur þjónustuþega osfrv).

Í janúar mun kerfið vera keyrt fyrir einn klínískan kennslustað sem ‚pilot‘ verkefni til að koma auga á ef eitthvað kemur upp á.

Verkefnið og rafrænt viðmót hefur verið kynnt á stjórnarfundum sviðsins og í kennslumálanefnd.

Þróunarverkefni

Titill: Kennsluhættir og námsmat í klínísku námi; innleiðing rafræns viðmóts.

Sjúkraþjálfun hefur verið kennd við Læknadeild í hartnær hálfa öld og klínískt nám hefur ávallt verið stór hluti námsins, enda þótt námið hafi tekið breytingum og nemendafjöldi meira en tvöfaldast. Nemendur ljúka fyrst BS námi í sjúkraþjálfunarfræðum, en eftir tveggja ára MS nám öðlast þau starfsréttindi sem sjúkraþjálfarar. Stór hluti MS námsins er klínískur, og miðar að því að því að nemendur öðlist þá þekkingu, leikni og hæfni sem nauðsynleg er fyrir starf í síbreytilegu klínísku umhverfi.

Traust og mikið samstarf er til staðar við sjúkraþjálfara á sjúkraþjálfunarstofum, og sjúkra- og endurhæfingarstofnunum um allt land. Samhliða fjölgun nemenda hefur klínískum kennurum fjölgað til muna, en handleiðsla nemenda í klínísku námi er einstaklingsmiðuð, og margþætt mat á frammistöðu þeirra getur verið flókið, ekki síst vegna þess að kröfur til nemenda eru ólíkar milli klínískra námskeiða og námsára. Þau tæki sem notuð voru til mats þóttu flókin og ekki vel til þess fallin að gefa samræmt námsmat yfir ólíka klíníska kennslustaði fyrir öll klínísk námskeið. Bæði klínískir kennarar og nemendur höfðu því lengi kallað eftir gagnsæju matstæki sem tæki til ólíkra námsþátta en væri þó einfalt og rökrétt, og gagnaðist á öllum tímabilum. Átak til breytinga á kennsluháttum og námsmati í klínísku námi þótti einnig vera í takt við stefnu Háskóla Íslands HÍ21 og endurspeglar niðurstöður sjálfsmatsskýrslu námsbrautarinnar og Læknadeildar 2016.

Ný staða innan námsbrautarinnar, verkefnisstjóri klínísku náms, veitti svigrúm til að fara af stað með markvissa vinnu til að kanna stöðluð erlend matstæki fyrir klínískt nám á háskólastigi og aðferðafræðina við notkun þeirra. Leitast var eftir tæki sem yrði ekki íþyngjandi fyrir klíníska kennara að vinna með, sem yrði hentugt fyrir umsýslu kennslugagna, og mætti sem best gagnast nemendum svo þeir gætu m.a. áttað sig á eigin styrkleikum og hvar tækifæri lægju til að bæta sig. Þróun kennsluhátta miðaði þannig í þá átt að frammistaða nemenda yrði mæld út frá nýjum, heildstæðum viðmiðum yfir öll klínísk tímabil nemenda, til að starf kennara yrði auðveldara og upplifun nemenda jákvæðari. Þrjú góð matstæki voru rýnd og eitt þeirra var síðan valið til notkunar við mat á frammistöðu í klínísku námi. Tekið var tillit til matsþátta og aðferða við úrvinnslu og samræmingu námsmats, en ekki síst þeirra tækifæra sem í boði er varðandi þróun yfir í rafrænt viðmót. Það sem varð fyrir valinu kallast Assessment of Physiotherapy Practice (APP) er upprunalega frá Ástralíu og er í grunninn fremur einfalt, einnar blaðsíðu matsblað. Alls eru 20 námsþættir metnir og dreifast þeir á 7 flokka, sem eru: 1) Fagleg hegðun; 2) Samskipti; 3) Mat; 4) Greining og áætlun; 5) Íhlutun; 6) Gagnreyndir starfshættir; 7) Áhættustjórnun. Staðhæfing um hvern námsþátt er metin á fimm punkta skala þar sem frammistaða nemanda er metin frá 0 (sjaldan fullnægjandi) til 4 (oftast framúrskarandi), en klínískir kennarar hafa til hliðsjónar 5-14 hæfnivísa fyrir hvern námsþátt þegar matið fer fram. Sama matsblað er notað til að meta frammistöðu þegar klínískt tímabil er um það bil hálfnað (miðbiksmat) og aftur í lok tímabils (heildarmat). Niðurstaða miðbiksmatsins gefur handleiðara og nemanda tækifæri til að koma auga á styrkleika nemandans og til að ræða þá þætti sem ástæða er að vinna með seinni hluta tímabilsins, en í lok tímabils metur klínískur kennari einnig hvort frammistaða nemandans á námsstaðnum teljist fullnægjandi. Vegna þess að APP tiltekur fáa skilgreinda þætti, ýtir það undir það að klínískir kennarar hugleiði þessa þætti og dragi þá inn í kennsluna með markvissum hætti.

Sótt var um styrk í Kennslumálasjóð Háskóla Íslands til að fjármagna og hrinda af stað fyrri hluta verkefnisins, sem snéri að þýðingu matstækis og þjálfun notenda þess (klínískra

kennara). Yfirlýst markmið verkefnisins var að færa klínískum kennurum staðlað tæki til mats á þekkingu, leikni, og hæfni nemenda tengt klínísku námi í sjúkraþjálfun, tæki sem myndi jafnframt efla námsupplifun nemenda, auka gæði námsins, og auka yfirsýn yfir klínísk tækifæri nemenda og frammistöðu í gegnum námsferilinn.

Fyrri hlutinn verkefnisins var unninn 2018 og 2019, og hófst á því að rýnihópur reyndra klínískra kennara skoðaði APP-matskerfið og niðurstaðan var sú að þetta væri kerfi sem myndi henta vel í íslenskum aðstæðum. Í kjölfarið voru fengnir til samstarfs tveir reynslumiklir sjúkraþjálfarar með ensku sem móðurmál og sem annað tungumál, og þýddu þeir APP matstækið og hæfnivísana hvor í sínu lagi. Síðan hittust þeir, báru síðan saman bækur sínar og komust að sameiginlegri niðurstöðu, ásamt athugasemdum. Að auki var löggiltur þýðandi, einnig með háskólagráðu í sjúkraþjálfun, fenginn til að þýða skjölin. Sérfræðinefnd þýðenda og starfsfólks námsbrautarinnar báru saman þessar tvær þýðingar á fjórum fundum, þar sem nefndarmenn fóru einnig yfir vangaveltur um orðalag og athugasemdir sem gerðar höfðu verið við yfirllestur fyrir fundaröðina. Niðurstaða þessarar vinnu og endanleg afurð var íslensk þýðing APP matstækis sem miðbiksmat og heildarmat, og íslensk þýðing hæfnivísanna.

Síðar um veturinn var klínískum kennurum boðið á 8 klst. námskeið með Dr. Megan Dalton, sem er aðalhöfundur matstækisins og mættu alls um 50 manns. Námskeiðið heppnaðist vel og endurspegluðu niðurstöður spurningalista sem var lagður fyrir þátttakendur mikla ánægju með innihald og framkvæmd þess. Samhliða námskeiðinu voru haldnir fundir með Dr. Dalton og sérfræðinefnd þýðenda til að skerpa á stöku vafaatriði í þýðingunni; með nemendum til að kynna breytingu á námsmati fyrir þeim; með formanni Félags Sjúkraþjálfara til að ræða fagleg hæfniviðmið í víðara samhengi; með fastráðnu starfsfólki námsbrautarinnar til að ræða fyrirkomulag klínískrar kennslu á Íslandi í samanburði við Ástralíu. Reynslumestu klínísku kennarar námsbrautarinnar voru í kjölfarið fengnir til að forprófa íslensku þýðingu APP meðfram hefðbundnu mati í þeim klínísku námskeiðum sem keyrð eru á vorönn, og haustið 2019 var byrjað að nota eingöngu nýja APP matstækið fyrir klínískt nám í sjúkraþjálfun.

Tækið hefur hlotið mjög jákvæðar móttökur hjá klínískum kennurum og framvinda þessarar vinnu hefur einnig verið kynnt í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs, þar sem vinnan og tækið hefur vakið athygli, ekki síst væntanlegt rafrænt viðmót. Skref til innleiðingar rafræns viðmóts og gagnakerfis sem kallast APP Linkup, <https://www.applinkup.com/>, hafa verið tekin undanfarin misseri. Vinna hófst með fundaröð þar sem ýmsir komu að borðinu með aðstoð og álit, m.a. lögfræðingur af rektorsskrifstofu, fulltrúar upplýsingatæknisviðs og kerfisstjóri HÍ, til að tryggja að tæknileg og lögfræðileg álitamál yrðu rædd og lausnir fundnar áður en haldið væri lengra. Næstu skref verða þau að klínískir kennarar og starfsstöðvar verða skráð í grunninn, sem og nemendur hverju sinni, og umsjónarmenn klínískis nám í sjúkraþjálfun. Námsmatið skráist þannig rafrænt inn á matsblöðin í íslenskri þýðingu og á sama tíma verður til klínískur námsferill nemenda. Vefsíðan er notendavæn og mun gefa marga möguleika við notkun hennar, allt eftir því hver notandinn er (kennari, nemandi, stjórnandi klínískrar kennslu eða námsbrautar, eða rannsakandi á sviði kennslufræða).

Við hlökkum til næstu skrefa, enda ljóst í okkar huga að þetta klíníska matstæki og það vefviðmót sem stendur til að innleiða mun gagnast okkar starfsfólki og nemendum vel, en líka víðar innan háskólans.